

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda.

Samningur frá 3. desember 1990 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi frá 12. júní 1975 um Menningarsjóð Norðurlanda öðlaðist gildi 3. maí 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1991, þar sem breytingin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. maí 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

31. maí 1991

Nr. 16

AUGLÝSING

um uppsögn Evrópusamnings um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi.

Hinn 6. maí 1991 var Evrópusamningi frá 11. desember 1953 um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi sagt upp af Íslands hálfu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1966 þar sem samningurinn er birtur. Uppsögnin tekur gildi 7. maí 1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. maí 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

31. maí 1991

Nr. 17

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags við Túnis um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 28. maí 1991 var samkomulag milli Íslands og Túnis frá 20. júní og 19. júlí 1957 um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana felld niður til bráðabirgða frá og með 1. júní 1991, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. maí 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.